



## **Fjárhagsleg greining á núverandi stöðu og möguleikum til hagræðingar í rekstri afurðastöðvar í slátrun og kjötvinnslu stórgripa og sauðfjár**

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið  
710812-0120  
Skúlagata 4, 101 Reykjavík  
Bt. Starfshópur um vanda afurðastöðva í kjötvinnslu

Kópavogur, 6. apríl 2021

## Fjárhagsleg greining á núverandi stöðu og möguleikum til hagræðingar afurðastöðva

Að beiðni atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins („verkkaupi“) hefur Deloitte framkvæmt fjárhagslega greiningu á stöðu og möguleikum til hagræðingar í rekstri innlendra sláturleyfishafa í slátrun og kjötvinnslu stórgripa og sauðfjár.

Vinna okkar byggir á ráðningarsamningi sem dagsettur er 15. febrúar 2021.

Skýrsla þessi inniheldur niðurstöður okkar. Öll ákvörðunartaka í tengslum við niðurstöður greiningarinnar er í höndum verkkaupa og tekur Deloitte ekki ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli niðurstöðunnar.

Virðingarfyllt,  
Deloitte Fjármálaráðgjöf

---

### Lovísa Anna Finnbjörnsdóttir

Meðeigandi, Sviðsstjóri Fjármálaráðgjafar  
Farsími: 770 4942  
Netfang: [lovisa@deloitte.is](mailto:lovisa@deloitte.is)

---

### Hildur Grétarsdóttir

Verkefnastjóri  
Farsími: 690 3541  
Netfang: [hildur@deloitte.is](mailto:hildur@deloitte.is)

# Skýrsla þessi er innlegg í vinnu starfshóps um vanda afurðastöðva í kjötvinnslu

Niðurstöður fela í sér fjárhagslegt mat á tækifærum til hagræðinga. Ekki er um að ræða mat á útfærslum eða fýsileika hugsanlegrar undanþágu frá samkeppnislögum til sameininga og samvinnu

## Forsaga

Samtök Iðnaðarins, Samtök atvinnulífsins, Bændasamtök Íslands og Landssamtök sláturleyfishafa sendu í nóvember 2020 formönnum ríkisstjórnarflokka ásamt sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra erindi þar sem óskað var eftir því að afurðastöðvar í kjötiðnaði fái heimildir til að annars vegar sameinast og hins vegar gera með sér samkomulag um verkaskiptingu og samvinnu við framleiðslu kjötvára.

Í framhaldinu hefur starfshópur um vanda afurðastöðva í kjötvinnslu, skipaður fulltrúum frá fjórum ráðuneytum, óskað eftir því að Deloitte framkvæmi fjárhagslega greiningu á stöðu og möguleikum til hagræðingar í rekstri innlendra sláturleyfishafa í slátrun og kjötvinnslu stórgripa og sauðfjár.

Skýrsla þessi inniheldur niðurstöður Deloitte vegna ofangreindrar greiningar. Skilgreindu umfangi og verkefnisnálgun er lýst í kafla um verkefnið.

## Þessi greining er...

- ✓ Greining á **núverandi umhverfi og markaðsaðstæðum** sláturleyfishafa á Íslandi
- ✓ Greining á **fjárhagslegri stöðu og rekstri** sláturleyfishafa
- ✓ Mat á mögulegum **tækifærum til fjárhagslegrar hagræðingar** í rekstri sláturleyfishafa miðað við sviðsmyndir um fækkun afurðastöðva

## Þessi greining er ekki...

- ✗ **Mat á fýsileika** þess að heimila undanþágur samkeppnislaga í því skyni að greiða fyrir sameiningum sláturhúsa og/eða tækifærum til samstarfs
- ✗ **Mat á æskilegum fjölda sláturhúsa** á Íslandi eða því hvaða aðilar væru best til þess fallnir að halda áfram rekstri ef sláturleyfishöfum myndi fækka
- ✗ **Ítarleg greining** á rekstri sláturleyfishafa eða staðfestingarvinna á þeim gögnum sem sláturleyfishafar lögðu til vinnunnar
- ✗ **Greining á rekstri kjötvinnslna** eða tækifærum til hagræðingar í kjötvinnslu



# Um verkefnið

Um verkefnið	5
Inngangur	8
Markaðsaðstæður	13
Greining á rekstri	18
Viðauki	25

# Um verkefnið | Umfang verkefnis

Fjárhagsleg greining Deloitte byggir á rauntölum frá tímabilinu 2018-2020

## Verkefni Deloitte

Verkefni Deloitte felst í framkvæmd fjárhagslegrar greiningar á núverandi stöðu og möguleikum til hagræðingar í rekstri innlendra sláturleyfishafa í slátrun og kjötvinnslu stórgripa og sauðfjár.

Greiningin er byggð á bæði opinberum gögnum og fjárhagslegum raungögnum frá skilgreindu mengi sláturleyfishafa.

Greiningin nær aðeins að takmörkuðu leyti til virðis\_keðjunnar í heild, þ.e. hlutdeildar bænda og smásala í virðis\_keðjunni.

### Mengi mats á hagræðingarmöguleikum





# Um verkefnið | Verkefnisnálgun og gagnaöflun

Gagnaöflun byggði að stórum hluta á gagnabeiðni til sláturleyfishafa og umræðufundum

## Stuðningur og samvinna

Verkefnið er unnið í samstarfi við og með stuðningi frá starfshópi um vanda afurðastöðva í kjötvinnslu. Starfshópurinn er skipaður fulltrúum frá fjórum ráðuneytum;

- Forsætisráðuneytið
- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
- Fjármála- og efnahagsráðuneytið
- Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

Að auki hefur Deloitte notið stuðnings hagsmunasamtaka er tengjast málinu;

- Samtök atvinnulífsins
- Samtök iðnaðarins
- Landssamtök sláturleyfishafa
- Bændasamtök Íslands

## Skammur tími til vinnslu verkefnis

Við vekjum athygli á því að sá tími sem við höfðum til gagnaöflunar, umræðufunda, úrvinnslu og skrifa á skýrsludrögum var skammur, eða sem nemur 13 virkum dögum frá þeim tíma sem við höfðum fengið tengiliðaupplýsingar hjá sláturleyfishöfum og gátum hafið gagnaöflun.

Skammur tímarammi var t.a.m. þess valdandi að ekki var hægt að fylgja fyllilega eftir fyrirspurnum til sláturleyfishafa varðandi gagnaskil þeirra eða rýna fyllilega uppfærð skil gagna sem í nokkrum tilvikum bárust degi fyrir dagsetningu fyrstu útgáfu skýrslunnar.

## Gagnaöflun

### Gagnabeiðni til sláturleyfishafa

Við söfnun gagna útbjó Deloitte gagnabeiðni sem send var til níu sláturleyfishafa til útfyllingar. Fulltrúi frá Samtökum Iðnaðarins hafði áður kynnt viðkomandi aðilum umfang og tilgang verkefnisins og gengið úr skugga um samvinnuvilja aðila. Átta aðilar af níu skiluðu beiðninni útfylltri.

### Umræðufundir

Við vinnuna áttu ráðgjafar Deloitte umræðufundi með fulltrúum frá eftirfarandi aðilum:

- Sláturfélag Suðurlands
- Norðlenska matborðið
- SAH afurðir
- Kaupfélag Skagfirðinga
- Sláturhús KVH ehf.
- Sláturfélag Vopnfirðinga
- Fjallalamb
- B.Jenssen
- Sláturhús Hellu
- Sláturhús Vesturlands
- Samkeppniseftirlitið
- Bændasamtök Íslands
- Samtök atvinnulífsins
- Samtök iðnaðarins



# Inngangur

Um verkefnið	5
<b>Inngangur</b>	<b>8</b>
Markaðsaðstæður	13
Greining á rekstri	18
Víðauki	25



# Inngangur | Afurðastöðvar

Til skoðunar eru níu afurðastöðvar, þar af sjö með sláturleyfi á stórgripum og sjö með sláturleyfi á sauðfé

	Afurðastöðvar	Stórgripir	Sauðfé
1	Sláturfélag Suðurlands	✓	✓
2	Norðlenska matborðið	✓	✓
3	SAH afurðir	✓	✓
4	Kaupfélag Skagfirðinga	✓	✓
5	Sláturhús KVH ehf.		✓
6	Sláturfélag Vopnfirðinga	✓	✓
7	Fjallalamb		✓
8	B. Jenssen	✓	
9	Sláturhús Hellu	✓	




NORÐLENSKA



B. JENSEN

## Afurðastöðvar

- Árið 2020 eru níu aðilar sem hafa sláturleyfi á stórgripum (hross og nautgripir) og tíu aðilar sem hafa sláturleyfi á sauðfé. Úttekt þessi nær til sjö aðila sem hafa sláturleyfi á stórgripum og sjö aðila sem hafa sláturleyfi á sauðfé og eru þeir taldir upp í töflunni hér til hliðar. Aðrir sláturleyfishafar eru ekki hluti af úttekt þessari sökum smæðar (Sláturhús Vesturlands, Sláturfélagið Búi og Sláturhúsið Seglbúðum).
- Staðsetningar afurðastöðvanna níu sem eru hér til skoðunar eru sýndar á myndinni hér að neðan.







# Inngangur | Slátrað magn og skipting markaðshlutdeildar

Sláturfélag Suðurlands er með mesta markaðshlutdeild í framleiðslu á bæði sauðfé og stórgripum

## Framleiðslutölur og markaðshlutdeild eftir sláturhúsum 2020

	Sauðfé		Stórgripir	
	Framleiðsla (kg.)	Markaðs- hlutdeild	Framleiðsla (kg.)	Markaðs- hlutdeild
Sláturfélag Suðurlands	1.859.406	19,6%	1.644.872	28,8%
Kaupfélag Skagfirðinga	1.820.019	19,2%	629.988	11,0%
Sláturhús KVH	1.758.128	18,6%	n/a	n/a
Norðlenska Matborðið	1.590.244	16,8%	1.116.770	19,5%
SAH afurðir	1.398.000	14,8%	621.712	10,9%
Sláturfélag Vopnfirðinga	513.193	5,4%	67.054	1,2%
Fjallalamb	495.870	5,2%	n/a	n/a
B. Jensen	n/a	n/a	385.996	6,7%
Sláturhús Hellu	n/a	n/a	1.204.821	21,1%
Aðrir aðilar	41.831	0,4%	n/a	n/a
<b>Samtals</b>	<b>9.476.691</b>	<b>100,0%</b>	<b>5.671.213</b>	<b>99,2%</b>

Heimild: MAST, 2020

## Rekstrartekjur 2019 - Kjötvinnsur ekki með sláturleyfi

m.kr.

Kjarnafæði hf	4.288
Saltvík - Stjörnugrís hf	3.784
Síld og fiskur ehf	2.661
Esja Gæðafæði	2.555
Aðföng / Ferskar Kjötvörur	1.985
Kjötkompaní ehf.	1.157
Kjöthúsið ehf.	785
Kjötsmiðjan ehf	637
<b>Samtals stærstu 8</b>	<b>17.851</b>
Aðrir minni aðilar (7)	<b>427</b>
<b>Samtals</b>	<b>18.278</b>

6. apríl 2021

Heimild: Ársreikningar

## Markaðshlutdeild sláturleyfishafa 2020

- Markaðshlutdeild miðast við hlutfall af framleiðslu, þ.e. slátrað magn, í kg.
- Stærstu fimm sláturleyfishafar á sauðfé skipta tæplega 90% af markaðinum nokkuð jafnt á milli sín.
- Stærstu 5 sláturleyfishafarnir á stórgripum skipta rúmlega 90% af markaðinum á milli sín en þar er skiptining ekki eins jöfn á milli aðila.

## Kjötvinnsur


- Sláturleyfishafar eru ólíkir að því leyti að sumir þeirra reka stórar kjötvinnsur, aðrir eiga dótturfélag um rekstur kjötvinnsu og enn aðrir eru stórir birgjar ótengdra fyrirtækja um rekstur kjötvinnsu.
- Á Íslandi eru 26 kjötvinnsur, þar af allir sláturleyfishafarnir að undanskildu Sláturfélagi Vopnfirðinga. Samtals velta þeirra aðila sem ekki hafa sláturleyfi var 18,3 ma.kr. árið 2019.
- Árið 2019 námu samanlagðar tekjur þeirra níu sláturleyfishafa sem hér eru til umfjöllunar 32,8 milljörðum króna. Ekki er unnt að greina á milli tekna vegna slátrunar og vinnslu. Auk þess er vakin athygli á því að hluti þessara níu aðila er í annarri starfsemi ótengdri slátrun sem hefur áhrif á samanlagðar tekjur mengisins.




# Inngangur | Framleiðslugeta

Á árinu 2020 nam vegið meðaltal nýtingar af sláturgetu um 61% í sauðfjárslátrun og 31% í slátrun stórgripa

## Sauðfé – nýting % framleiðslugetu við slátrun



## Stórgripir – nýting % framleiðslugetu við slátrun



Heimild: Gögn frá sláturleyfishöfum og greining Deloitte

## Framleiðslugeta - nýting

- Reiknuð nýting tekur mið af upplýsingum sláturleyfishafa um framleiðslugetu við slátrun á hverri klukkustund og því raun magni sem sömu aðilar slátruðu á tímabilinu 2018-2020.
  - Byggt á núverandi fyrirkomulagi, sem sláturleyfishafar hafa lýst á umræðufundum er árleg framleiðslugeta sauðfjár reiknuð miðað við 500 mínútur á dag, 5 daga í viku og 10 vikna sláturtíð.
  - Framleiðslugeta stórgripa er reiknuð miðað við 500 mínútur á dag og 240 vinnudaga á ári.
  - Samanlögð heildarframleiðslugeta átta gagnaskilaaðila, á fullum afköstum, er áætluð 913 þúsund gripir af sauðfé árlega og um 78 þúsund stórgripir að teknu tilliti til þess að sömu sláturlínur eru notaðar til slátrunar á svínum. Á árinu 2020 var um 537 þúsund sauðfjárgripum slátrað á Íslandi og á sama tíma um 31 þúsund stórgripum og því umtalsverð umframgeta til staðar í greininni eins og er.

## Tækifæri til aukinnar afkastagetu

- Vert er að nefna í þessu samhengi að uppgefin framleiðslugeta miðast við þá uppsetningu sem til staðar er í sláturhúsum í dag og það vaktafyrirkomulag sem tíðkast.
- Til að mynda eru tækifæri eru til aukinna afkasta með breyttu vaktafyrirkomulagi, þ.e. fleiri eða lengri vöktum, og/eða fleiri sláturdögum í viku. Eins er hér ekki tekið tillit til þess að auka mætti afkastagetu með smærri eða stærri fjárfestingum í tækjabúnaði.
- Á umræðufundum hafa sláturleyfishafar bent á dæmi þess að hægt sé að auka afkastagetu í slátrun töluvert með minniháttar fjárfestingum.



# Inngangur | Eignarhald og félagafarm

Félagafarm sláturhúsa er misjafnt en stór hlut félaganna tengist í gegnum eignarhald


## Eignarhald og félagafarm

- Afurðastöðvar hérlandis eru ýmist í einkaeigu og/eða í eigu bænda og annarra einstaklinga. Tvö félaganna eru samvinnufélög, þ.e. Kaupfélag Skagfirðinga og Sláturfélag suðurlands. Í lok árs 2019 voru 2.170 félagsaðilar sem áttu yfir 1.000 kr. hlut í stofnsjóði Sláturfélags Suðurlands og enginn átti yfir 10% af stofnsjóði A-deildar. Í lok árs 2019 voru 1.431 félagsaðilar í Kaupfélagi Skagfirðinga.
- Kaupfélag Skagfirðinga á 68% hlut í Sláturhúsi Hellu, á móti yfir 130 eintaklingum, og 50% hlut í Sláturhús KVH á móti Kaupfélagi Vestur-Húnvetninga.



- Stærstu eigendur Fjallalamb hf. eru Seljalax hf., Byggðastofnun, Norðurþing og Búnaðarsamband N-Þingeyinga. SAH afurðir eiga 3,9% í Fjallalambi og Sláturfélag Suðurlands 0,8%.
- B.Jenssen ehf. er í eigu þriggja einstaklinga.
- Nánari upplýsingar um eignarhald félaganna sem til skoðunar eru má finna í viðauka við þessarar skýrslu um félagafarm og eignarhald.

## Sameinað félag Norðlenska matborðsins og Kjarnafæðis



- Í júní 2020 var samruni SAH afurða, Kjarnafæðis og Norðlenska samþykktur af eigendum félaganna með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins.
- Verði af sameiningunni mun sameinað félag tengja saman þrjá af þeim níu sláturleyfishöfum sem hér eru til skoðunar.
- Kjarnafæði er í eigu bræðranna Eiðs og Hreins Gunnlaugssona, Norðlenska er í eigu Búsældar, sem er í eigu um 500 bænda á Íslandi
- SAH afurðir eru í 98% eigu Kjarnafæðis og einnig á Kjarnafæði 35% hlut í sláturfélagi Vopnfirðinga á móti Vopnafjarðarhreppi, Búnaðarfélagi Vopnafjarðar og öðrum aðilum.




# Markaðsaðstæður

Um verkefnið	5
Inngangur	8
Markaðsaðstæður	13
Greining á rekstri	18
Viðauki	25

# Markaðsaðstæður | Þróun framboðs og eftirspurnar


Neysla á kindakjöti hefur dregist saman en neysla á nautakjöti hefur aukist

## Þróun árlegri neyslu á kindakjöti (kg./einstakling)



Heimild: Hagstofa Íslands og Ferðamálastofa

## Þróun árlegri neyslu á nautakjöti (kg./einstakling)



Heimild: Hagstofa Íslands og Ferðamálastofa


## Þróun eftirspurnar kinda- og stórgripakjöts

- Neysla á kindakjöti á hvern einstakling hefur dregist saman um 13% á síðustu 10 árum eða úr um 19,2 kg./einstakling árið 2010 í 16,7 kg./einstakling árið 2020 sé tekið tillit til íbúa landsins auk fjölda erlendra ferðamanna hverju sinni.
- Á sama tímabili hefur neysla á stórgripum á hvern einstakling aukist um 19% eða úr 13,7 kg./einstakling árið 2010 í 16,2 kg./einstakling árið 2020.
- Fjöldi ferðamanna hverju sinni er áætlaður út frá tölfræðigögnum Ferðamálastofu um fjölda ferðamanna með flugi og Norrænu á hverju ári og meðal dvalarlengd 2019 (að jafnaði 6,6 nætur).

# Markaðsaðstæður | Þróun framboðs og eftirspurnar


Samdráttur í eftirspurn, bæði á innanlandsmarkaði og í útflutningi, endurspeglast í umtalsverðri framleiðslu umfram eftirspurn á árinu 2020

## Sauðfé - Umframeftirspurn/(Umframframleiðsla) í tonnum



Heimild: Hagstofa Íslands

## Sauðfé (þús.tonn)



Heimild: Hagstofa Íslands

## Þróun árlegrar framleiðslu og sölu sauðfjárkjöts


- Efri myndin sýnir sölu innanlands og útflutning hvers árs umfram framleiðslu. Neikvæðar stærðir þýða að framleiðsla ársins er meiri en innlend neysla og útflutningur, sem veldur uppsöfnun birgða. Jákvæðar stærðir þýða að framleiðslan er lægri en útflutningur og innlend neysla og gengið er á birgðir. Þróun undirliggjandi stærða má sjá á neðra grafi.
- Á undanförunum árum hefur dregið nokkuð úr innlendri framleiðslu á kindakjöti. Árið 2020 var innlend framleiðsla 9.477 tonn og drógst saman um 2% frá árinu á undan. Árið 2019 dróst innlend framleiðsla saman um 7%.
- Lítið sem ekkert er innflutt af kindakjöti, en á síðustu 10 árum hafa samtals 50 tonn verið innflutt, þar af 39 tonn árið 2019.
- Sala innanlands hefur aukist nokkuð á undanförunum árum en drógst saman um 13% árið 2020 og ætla má að það tengist fækkun ferðamanna vegna COVID-19.
- Útflutningur hefur dregist mikið saman undanfarin 2 ár, eða um 18% árið 2019 og 19% árið 2020, en hafði verið að aukast töluvert á árunum á undan.

Þróun framboðs og eftirspurnar byggir á gögnum Hagstofu Íslands þar sem heildarframboð er samtala framleiðslu sláturleyfishafa og heildareftirspurn er samtala selds magns innanlands og útflutnings.

# Markaðsaðstæður | Þróun framboðs og eftirspurnar


Innlend framleiðsla er að mestu leyti seld innanlands, hlutfallslega lítið er útflutt

## Stórgripir - Umframeftirspurn/(Umframframleiðsla) í tonnum



Heimild: Hagstofa Íslands

## Stórgripir (tonn)



Heimild: Hagstofa Íslands

## Þróun árlegrar framleiðslu og sölu stórgripakjöts


- Efri myndin sýnir sölu innanlands og útflutning hvers árs umfram framleiðslu og innflutning. Neikvæðar stærðir þýða að framleiðsla ársins ásamt innflutningi er meiri en innlend neysla og útflutningur, sem veldur uppsöfnun birgða. Jákvæðar stærðir þýða að framleiðslan er lægri en útflutningur og innlend neysla og gengið er á birgðir. Þróun undirliggjandi stærða má sjá á neðra grafi.
- Framleiðsla á stórgripum dróst saman úr um 5.900 tonnum árið 2019 í 5.700 tonn árið 2020 og innflutningur dróst saman úr um 818 tonnum í 695 tonn á sama tímabili. Að jafnaði hefur framleiðsla á stórgripum aukist um 2,0% á síðustu 10 árum.
- Innflutningur sem hlutfall af heildarframboði stórgripakjöts hefur dregist töluvert saman frá 2015 þegar hlutfallið var sem hæst, eða 27,6%. Árið 2020 er hlutfall innflutnings 16,7%. Ekkert hrossakjöt er innflutt á tímabilinu sem er til skoðunar. Þar sem innlend framleiðsla er skráð í heilum skrokkum þarf að leiðrétta fyrir innfluttu kjöti án beina til þess að framboð sé á sama grunni. Gert er ráð fyrir að aðlögunarstuðullinn sé 0,6.
- COVID-19 faraldurinn virðist hafa haft minni áhrif á framboð og eftirspurn stórgripakjöts en sauðfjár. Framleiðsla og sala dragast örlítið saman árið 2020 í samanburði við árið á undan. Sögulega eru tiltölulega miklar sveiflur í bæði inn- og útflutningi á stórgripakjöti. Útflutningur hefur á undanförunum árum dregist mikið saman og dróst saman um 19% árið 2020.



# Markaðsaðstæður | Tekjur

Framleiðsluverð sauðfjár hefur hækkað um 12% frá árinu 2017 en framleiðsluvirði stórgripakjöts dregist saman um 5%

## Heildarframleiðsluvirði - Framleiðsluverð (m.kr.)



\*Inniheldur heildarframleiðsluvirði sauðfjár og geita  
Heimild: Hagstofa Íslands

## Verð til bænda

- *Framleiðsluverð* er það verð sem framleiðandi fær í sinn hlut frá kaupanda, en innifelur ekki stuðning til framleiðenda s.s. beingreiðslur. Frá því hafa heldur ekki verið dregnir frá vörutengdir skattar s.s. búnaðargjald og verðmiðlunargjöld.
- Heildarframleiðsluvirði sauðfjár nam 3.887 m.kr. árið 2019 og hefur hækkað um 12% frá 2017. Á sama tíma hefur heildarframleiðsluvirði stórgripa dregist saman um 5% en heildarframleiðsluvirði í árslok 2019 nam 4.036 m.kr.
- Hlutfall sauðfjár af heildarframleiðsluvirði landbúnaðarafurða hefur verið nokkuð stöðugt í kringum 13-14% á síðustu 3 árum (2017-2019). Sögulega hefur hlutfallið verið nokkuð hærra eða að meðaltali í kringum 17% á tímabilinu 2007-2015. Hlutfall stórgripa af heildarframleiðsluvirði hefur verið stöðugt í kringum 7-8% allt frá 2007.



# Greining á rekstri


Um verkefnið	5
Inngangur	8
Markaðsaðstæður	13
Greining á rekstri	18
Viðauki	25



# Greining á rekstri | Yfirlit eigna og skulda

Um 90% af heildareignum félaganna í lok árs 2019 eru í eigu tveggja félaga sem starfa í fjölbreyttum rekstri en sömu félög hafa einnig hæst eiginfjárlutfall. Lægst eiginfjárlutfall hafa almennt þau félög sem slátra minna magni


## Heildareignir (m.kr.)



Heimild: Ársreikningar félaganna 2019

\*Móðurfélag

## Eiginfjárlutfall



Heimild: Ársreikningar félaganna 2019

## Fjárhagsleg staða


- Yfirlit um heildareignir og eiginfjárlutfall byggja á upplýsingum ársreikninga vegna 2019. Við vekjum athygli á því að samanburður milli félaga getur verið skekktur þar sem ársreikningar sýna yfirlit yfir heildarstarfsemi félaganna. Kaupfélag Skagfirðinga (KS) og Sláturfélag Suðurlands (SS) skera sig frá hinum félögunum hvað stærð varðar en bæði félög eru í fjölbreyttum rekstri.
- Varanlegir rekstrarfjármunir og birgðir eru stærstu einstöku liðir heildareigna félaganna og eru samtals á bilinu 57-87% af heildareignum afurðastöðva að undanskildu KS þar sem hlutfallið er 17%.
- Eiginfjárlutfall er mismunandi á milli félaga en þó áberandi hæst fyrir SS (68%) og KS (80%).
- Almennt eru félögin með lægst eiginfjárlutfall þau sem hafa lægsta markaðshlutdeild m.v. slátrað magn (kg).



## Greining á rekstri | Yfirlit eigna og skulda

Skuldsetning og vaxtabyrði eru talsvert ólík á milli sláturleyfishafa. Litið til langtímafjármögnunar eingöngu eru félögin flest hóflega skuldsett en skammtímafjármögnun hefur umtalsverð áhrif á flest þeirra

### Skuldþekja langtímafjármögnun




Heimild: Ársreikningar 2019

Skuldþekja = EBIT / (Vaxtagjöld + Afborganir)

### Langtímafjármögnun

- Miðað við árslok 2019 er skuldþekja sláturleyfishafa að meðaltali 2,2 fyrir félögin (Sláturhús Hellu undanskilið þar sem EBIT árið 2019 er neikvæð og því ekki hægt að túlka kennitöluna). Skuldþekja eins félags er undir 1. Vaxtagjöld af vaxtaberandi langtímalánum eru áætluð út frá aðgengilegum upplýsingum í ársreikningum félaganna.
- Að meðaltali eru nettó vaxtaberandi skuldir sem hlutfall af EBITDA 2,3. Afurðalán eru ekki meðtalin í nettó vaxtaberandi skuldum, heldur er hér um að ræða langtíma vaxtaberandi skuldir og næsta árs afborgun. Umfjöllun um skammtímafjármögnun má sjá á næstu blaðsíðu.

### Nettó vaxtaberandi skuldir / EBITDA




Heimild: Ársreikningar 2019



## Greining á rekstri | Yfirlit eigna og skulda


Vaxtaberandi skammtímaskuldir eru umtalsverðar og námu að meðaltali 5,2x EBITDA í árslok 2019. Birgðastaða um áramót er nær eingöngu vegna sauðfjár og er töluvert mikil, eða sem nemur allt að 52% af árstekjum

### Vaxtaberandi skammtímaskuldir/EBITDA



Heimild: Ársreikningar 2019

### Birgðir (m.kr.)



Heimild: Ársreikningar 2019


### Skammtímafjármögnun

- Flest félaganna eru með umtalsverðar vaxtaberandi skammtímaskuldir sem reikna má með að séu að mestu afurðalán, þ.e. skammtímalán til fjármögnunar á birgðum. Miðað við árslok 2019 námu afurðalán sem hlutfall af EBITDA að meðaltali 5,2x. Eins og fram kom á fyrri blaðsíðu nam langtímafjármögnun að meðaltali um 2,3x EBITDA og því umtalsverða heildarskuldsetningu að ræða miðað við áramótastöðu.
- Ætla má að árslokastaða afurðalána endurspegli þó ekki réttilega meðalstöðu birgða og afurðalána yfir árið þar sem sláturtíð sauðfjár á sér stað ekki löngu fyrir áramót og birgðir sláturleyfishafa eru að mestu vegna sauðfjár, sjá nánar á næstu blaðsíðu. Líkur eru því til þess að staðan sé með hærra lagi um áramót.
- Hlutfall birgða af tekjum er ólíkt á milli félaganna en hlutfallið er á bilinu 2%-52% af tekjum.

# Greining á rekstri | Yfirlit eigna og skulda


Fjárbinding í birgðum nær eingöngu vegna sauðfjár. Ætla má að birgðastaða sé með hærra lagi um áramót þegar ekki er langt liðið frá sláturtíð sauðfjár

## Hráefnisbirgðir kjöt á beini (m.kr.)




Heimild: Gögn frá sláturleyfishöfum og greining Deloitte

## Hráefnisbirgðir beinlaust (m.kr.)



Heimild: Gögn frá sláturleyfishöfum og greining Deloitte

## Aðrar birgðir (m.kr.)



Heimild: Gögn frá sláturleyfishöfum og greining Deloitte


## Fjárbinding veltufjármuna (birgðir)

- Mestar hráefnisbirgðir sláturleyfishafa eru í sauðfé eða um 98% birgða alls kjöts á beini, 89% birgða alls beinlaus kjöts og 52% annarra birgða.
- Virði hráefnisbirgða sauðfjárlkjöts á beini hefur aukst töluvert á síðastliðnum 3 árum eða úr um 2.095 m.kr. í 2.826 m.kr. eða um 35% en á sama tíma hefur magn aukist um 25%.
- Virði hráefnisbirgða beinlaus sauðfjárlkjöts hefur sömuleiðis aukist á síðastliðnum 3 árum eða því sem nemur 9% en á sama tíma hefur magn dregist saman um 26%.
- Sé litið til hráefnisbirgða stórgripa er mesta virðið bundið í beinlausum hráefnisbirgðum eða um 73% árið 2020.

# Greining á rekstri | Yfirlit eigna og skulda


Heildarfjárbinding sláturleyfishafa í fastafjármunum var um 3,3 ma.kr. í árslok 2020, þar af 73% í fasteignum og lóðum. Nokkuð hefur verið endurnýjað í sláturlínum, bifreiðum, kælum og frystum

## Samtals fjárbinding fastafjármuna (m.kr.)



Heimild: Gögn frá sláturleyfishöfum og greining Deloitte

## Samtals fjárbinding fastafjármuna (m.kr.)



\*Ferill er brotinn fyrir liðinn *fasteignir og lóðir* til þess að hreyfingar í öðrum liðum séu sýnilegri.

Heimild: Gögn frá sláturleyfishöfum og greining Deloitte

## Fjárbinding fastafjármuna


- Gröfin sýna samanlagt bókfært virði fastafjármuna hjá þeim 8 sláturleyfishöfum sem skiluðu útfylltri gagnabeiðni til Deloitte við vinnu þessa verkefnis. Heildar fjárbinding sláturleyfishafa í fastafjármunum var um 3,3 ma.kr. í árslok 2020.
- Sjá má á þróun á neðra grafi að nokkuð hefur verið endurnýjað í sláturlínum, bifreiðum, kælum og frystum á síðustu þremur árum og er hlutfall núverandi virðis af stofnverði með því hæsta í samanburði við aðra liði.
- Efri myndin sýnir hlutfall bókfærðs virðis í árslok 2020 af upphaflegu stofnvirði og lýsir hversu mikið af fjárfestingum félaganna hefur verið afskrifað að meðaltali. Heildar stofnverð fastafjármuna sláturleyfishafa er um 8,0 ma.kr. og er afskriftarhlutfall að meðaltali um 60%.



# Greining á rekstri | Rekstrarkostnaður

Heildarkostnaður við slátrun nam 4,3 ma.kr. á árinu 2020

## Kostnaður sláturleyfishafa 2020 (m.kr.)



Heimild: Gögn frá sláturleyfishöfum og greining Deloitte

## Kostnaður við slátrun


- Rekstrarkostnaður afurðastöðva var 13,2 ma.kr. á árinu 2020. Þar af var fastur rekstrarkostnaður 1,2 ma.kr. og breytilegur rekstrarkostnaður 12,1 ma.kr.
- Greiðslur til bænda fyrir afurðir námu um 6,8 ma.kr. á árinu 2020. Kostnaður við afurðavinnslu var um 2,1 ma.kr. Kostnaður við slátrun var þannig um 4,3 ma.kr.
- Flutningskostnaður frá framleiðendum var 475 m.kr. á árinu 2020 eða um 11% af sláturkostnaði.
- Fjárhæðir byggja á gögnum frá afurðastöðvum.



# Greining á rekstri | Tækifæri til hagræðingar

Samþjöppun afurðastöðva í slátrun sauðfjár og stórgripa gæti leitt til rekstrarhagræðingar á bilinu 0,9 – 1,5 ma.kr. Auk þessa losnar samþjöppun um fjárbindingu og lækkar fjárfestingarþörf til framtíðar

## Rekstrarhagræði við samþjöppun afurðastöðva



Heimild: Gagnaskil sláturleyfishafa og greining Deloitte

## Rekstrarhagræði

- Samþjöppun afurðastöðva gæti leitt til rekstrarhagræðingar á bilinu 0,9 – 1,5 ma.kr. á ári.
- Útreikningar byggja á gögnum frá sláturleyfishöfum, þar með talið gögnum úr bókhaldi sem sýna kostnað við slátrun sauðfjár og stórgripa á árinu 2020, ásamt greiningu Deloitte.
- Forsendur greininga byggja á því að sauðfjárhúsum fækki í 3-4 og stórgripahús verði tvö. Þessar forsendur eru í samræmi við niðurstöður umræðufunda með hagsmunaaðilum en nokkur samhljómur var meðal hagsmunaaðila, þar á meðal sláturleyfishafa, um þessa sviðsmynd.
- Gert er ráð fyrir að breytilegur kostnaður lækki við samþjöppun, vegna stærðarhagræðis. Forsendur lækkunar byggja á raungögnum úr bókhaldi og öðrum gögnum frá sláturleyfishöfum.
- Gert hefur verið ráð fyrir að flutningskostnaður vegna þess magns sem tilheyrir hefur sláturhúsum sem eru utan ofangreindrar sviðsmyndar muni aukast um 30-50% sem við teljum varfærið mat.
- Athygli er vakin á því að líklegt er að sláturleyfishafar þurfi að fjárfesta til að geta ráðið við aukið magn með nægjanlegum sveigjanleika, sbr. umfjöllun um nýtingu á bls. 10. Fjárfestingar eru líklegar til að auka sjálfvirkni og hefur eingöngu að takmörkuðu leyti verið tekið tillit til áhrifa slíks í greiningu þessari.

## Önnur áhrif samþjöppunar

- Samþjöppun afurðastöðva mun minnka fjárbindingu í rekstrarfjármunum. Miðað við framangreinda sviðsmynd mun fjárbinding minnka sem nemur 0,9 – 1,8 ma.kr., byggt á bókfærðu virði eigna í árslok 2020. Við bendum þó á að óvissa er um bæði markaðsvirði og seljanleika þeirra eigna sem um ræðir.
- Samþjöppun mun auk þess draga úr fjárfestingarþörf til framtíðar þar sem færri staðsetningar og færri framleiðslulínur eru háðar endurnýjun. Ekki hefur verið lagt mat á þau áhrif í greiningu þessari.



# Greining á rekstri | Tækifæri til hagræðingar

Hugmyndir markaðsaðila um hagræðingartækifæri í kjötvinnslu eru lítið mótaðar. Tækifæri til hagræðingar við slátrun eru til staðar í núverandi lagaumhverfi

## Hagræði með aukinni samvinnu og verkaskiptingu við kjötvinnslu

- Í verkefni þessu hefur ekki verið lagt fjárhagslegt mat á tækifæri til hagræðingar í afurðavinnslu sláturleyfishafa. Byggt á umræðum við sláturleyfishafa er ljóst að hugmyndir um hagræðingartækifæri í kjötvinnslu eru lítið mótaðar.
- Ekki liggja fyrir neinar greiningar á tækifærum eða mögulegu hagræði við kjötvinnslu aðrar en hafa verið framkvæmdar í tengslum við fyrirhugaðan samruna Norðlenska og Kjarnafæðis.
- Við bendum einnig á að stór hluti af heildarmengi kjötvinnsluaðila er undanskilinn í skilgreindu umfangi þessa verkefnis. Greining sem einungis tæki til sláturleyfishafa gæfi því bjagaða mynd af hagræðingarmöguleikum með samvinnu og verkaskiptingu í kjötvinnslu.

## Rekstrarhagræði án breytinga í lagaumhverfi

### Fjárfesting í tækninýjungum

- Einn þeirra sláturleyfishafa sem rætt var við í tengslum við vinnslu þessa verkefnis kynnti fyrir okkur áætlun sína um tækifæri til hagræðingar í hans eigin rekstri með viðráðanlegri fjárfestingu. Fjárfestingin sem um ræðir stuðlar m.a. að skrefum í átt að sjálfvirknivæðingu í slátrunarferlinu.
- Byggt á þeim upplýsingar sem kynntar hafa verið má ætla að sú fjárfesting ein og sér geti skilað viðkomandi aðila hagræðingu sem nemur um 300-400 m.kr. á ári.

### Samvinna og verkaskipting

- Á umræðufundum með sláturleyfishöfum var meðal annars rætt um tækifæri til hagræðingar í kjötvinnslu. Þær hugmyndir sem nefndar hafa verið á þá leið að aðilar kaupi þjónustu hver af öðru, sem dæmi láti aðila með afkastameiri tækjabúnað vinna fyrir sig ákveðnar afurðir og/eða aðra hluta framleiðsluferlisins svo sem pökkun.
- Núverandi lagaumhverfi hamlar ekki slíkum þjónustukaupum á milli aðila. Þeir aðilar sem rætt hefur verið við hafa m.a. borið fyrir sig vantrausti milli aðila í greininni og hættu á veikri samningsstöðu verði menn háðir öðrum hvað varðar ákveðna vinnsluþætti.
- Í þessu samhengi mætti sem dæmi sjá fyrir sér, ef samstarfsvilji er á milli aðila, að þeir myndu sameiginlega stofna félag utan um ákveðna vinnsluþætti og þannig væri hægt að jafna samningsstöðu aðila innan samstarfsins.



# Viðauki

Um verkefnið	5
Inngangur	8
Markaðsaðstæður	13
Greining á rekstri	18
Viðauki	25



# Viðauki | Rekstrarkostnaður

Fjárhæðir byggja á gögnum frá afurðastöðvum

## Rekstrarkostnaður sláturleyfishafa


m.kr	2018	2019	2020
<b>Fastur rekstrarkostnaður</b>			
Rekstrarkostnaður fasteigna	564	558	568
Rekstrarkostnaður sláturlínu	159	173	158
Rekstrarkostnaður vinnslulínu	79	111	107
Annar fastur rekstrarkostnaður	326	344	322
<b>Samtals fastur kostnaður</b>	<b>1.128</b>	<b>1.186</b>	<b>1.154</b>
<b>Breytilegur rekstrarkostnaður</b>			
<i>Kostnaður vegna sauðfjár</i>			
Verð til framleiðenda	3.710	3.976	4.173
Flutningskostnaður frá framleiðanda	345	322	335
Slátrun og grófvinnsla	1.847	1.727	1.694
Afurðavinnsla	1.684	1.621	1.444
Dreifing frá afurðastöð	446	316	275
<b>Samtals breytilegur kostn. sauðfé</b>	<b>8.031</b>	<b>7.961</b>	<b>7.920</b>
<b>Samtals án afurðavinnslu</b>	<b>6.347</b>	<b>6.341</b>	<b>6.477</b>
<i>Kostnaður vegna stórgripa</i>			
Verð til framleiðenda	2.740	2.685	2.643
Flutningskostnaður frá framleiðanda	109	108	140
Slátrun og grófvinnsla	592	645	636
Afurðavinnsla	562	650	629
Dreifing frá afurðastöð	91	122	104
<b>Samtals breytilegur kostn. stórgripir</b>	<b>4.094</b>	<b>4.211</b>	<b>4.153</b>
<b>Samtals án afurðavinnslu</b>	<b>3.532</b>	<b>3.561</b>	<b>3.523</b>
Samtals kostnaður við slátrun	4.556	4.427	4.338
Samtals breytilegur kostnaður	12.125	12.172	12.073
Samtals breytil. kostn. án afurðavinnslu	9.879	9.902	10.000
Samtals fastur og breytilegur kostnaður	13.253	13.358	13.228

Heimild: Gögn frá sláturleyfishöfum og greining Deloitte

# Viðauki | Rekstrarkostnaður


Sláturkostnaður á kg. og meðal afurðaverð til bænda

Sauðfé - sláturkostnaður á kg.




Heimild: Gögn frá afurðastöðvum og greining Deloitte

Sauðfé - afurðaverð á kg.




Heimild: Gögn frá afurðastöðvum og greining Deloitte

Stórgripir - sláturkostnaður á kg.



Heimild: Gögn frá afurðastöðvum og greining Deloitte

Stórgripir - afurðaverð á kg.



Heimild: Gögn frá afurðastöðvum og greining Deloitte

Athugið að afurðaverð innifelur vegið meðalverð nauta og hrossa en hlutdeild hrossa getur skekkt samanburð milli sláturleyfishafa



# Viðauki | Félagafarm og eignarhald

## Hlutafélög og einkahlutafélög

### Eignarhald 31.12.2019

	Hluttur%	Hlutur
<b>Fjallalamb hf.</b>		
Seljalax hf.	21,3%	27.418.053
Byggðastofnun	21,2%	27.344.452
Norðurþing	15,3%	19.773.109
Búnaðarsamband N-Þingeyinga	12,7%	16.370.870
Svalbarðshreppur	4,1%	5.223.862
SAH afurðir ehf.	3,9%	5.000.000
Fræ ehf.	1,2%	1.519.586
Sláturfélag Suðurlands svf.	0,8%	1.000.000
Hafrafellstunga ehf.	0,8%	979.236
Jón Grímsson	0,7%	925.800
Eigin bréf	0,2%	217.842
Aðrir aðilar (168)	17,9%	23.060.003
<b>Sláturhús Hells hf.</b>		
Kaupfélag Skagfirðinga svf.	68,0%	37.914.884
Eigin bréf	7,0%	3.916.458
Sveinn Henrik H. Christensen	1,0%	557.900
Kjöthúsið ehf.	1,0%	557.900
Björn Ingi H. Christensen	1,0%	557.900
Már Ólafsson	0,5%	284.529
Jón Þórðarson	0,4%	200.844
Kristján Ásmundsson	0,4%	200.844
Haraldur Konráðsson	0,3%	189.686
Aðrir aðilar (128)	20,5%	11.409.055
<b>Sláturfélag Vopnfirðinga hf.</b>		
Kjarnafæði hf.	34,8%	6.399.520
Vopnafjarðarhreppur	25,6%	4.715.920
Búnaðarfélag Vopnafjarðar	18,0%	3.315.680
Aðrir aðilar (65)	21,6%	3.968.880

### Eignarhald 31.12.2019

	Hluttur%	Hlutur
<b>Norðlenska Matborðið ehf.</b>		
Búsæld ehf.	100,0%	275.000.000
<b>SAH afurðir ehf.</b>		
Tani ehf.	97,7%	181.738.386
SAH afurðir ehf.	2,3%	4.261.614
<b>Sláturhús KVH ehf.</b>		
Kaupfélag Vestur-Húnavetninga	50,0%	52.500.000
Kaupfélag Skagfirðinga svf.	50,0%	52.500.000
<b>B. Jensen ehf.</b>		
Ingibjörg Stella Bjarnadóttir	80,0%	3.200.000
Svavar Jensen	10,0%	400.000
Fannberg Jensen	10,0%	400.000

Heimild: Ársreikningar félaganna 2019





# Viðauki | Félagafarm og eignarhald

## Samvinnufélög

### Eignarhald 31.12.2019

	Hluttur%	Hluttur
<b>Sláturfélag Suðurlands svf.</b>		
<i>A-deild</i>		
Stofnsjóður	100,0%	354.755
<i>B-deild</i>		
Birta lífeyrissjóður	33,7%	60.770
Landsbankinn hf.	22,9%	41.219
Sláturfélag Suðurlands svf.	11,1%	19.926
Festa lífeyrissjóður	6,6%	11.965
Vátryggingafélag Íslands hf.	3,2%	5.690
Steingrímur Aðalsteinsson	2,5%	4.419
Magnús Benediktsson	2,2%	4.000
Helgi Eggertsson	1,3%	2.370
Auðhumla svf.	1,2%	2.080
Tannín ehf.	1,1%	1.968
Aðrir (548)	14,3%	25.667
<b>Kaupfélag Skagfirðinga svf.</b>		
Stofnsjóður	100,0%	190.920

Heimild: Ársreikningar félaganna 2019

### Félagafarm og eignarhald - Samvinnufélög


- Stofnsjóður er myndaður af séreignarhlutum félagsaðila.
  - Í lok árs 2019 voru 2.170 félagsaðilar sem áttu yfr 1.000 kr. hlut í Sláturfélagið Suðurlands og enginn stofnssjóðseigandi átti yfir 10% af stofnsjóði A-deildar.
  - Í lok árs 2019 voru 1.431 félagsaðilar í Kaupfélagi Skagfirðinga.
- Einungis félagsaðilar geta átt séreignahluta í A-deild stofnsjóðs, en í B-deild þeir sem keypt hafa hlutana og fengið í hendur samvinnuhlutabréf í samræmi við það (37. gr. laga um samvinnufélög nr. 22/1991).



# Viðauki | Verð til bænda í Evrópu

Afurðaverð til íslenskra sauðfjárbænda það lægsta í Evrópu

## Lambakjöt kr./kg.



Heimildir:  
 European Commission. Weekly price report on heavy lamb and light lamb prices in the EU.  
 Nortura Medlem. Avregningspriser småfe - vilkår småfe  
 Landsamtök sauðfjárbænda. Afurðaverð haustið 2020  
 Schweizer Bauernverband. Schlachtviehmarkt Woche 12/2021.

Miðað er við meðalgengi í febrúar 2021 EUR/ISK=155,3 og NOK/ISK=15,1 og meðalgengi í mars 2021 CHF/ISK=145,0  
 6. apríl 2021

## Afurðaverð til bænda

- Árlega reikna Landssamtök Sauðfjárbænda meðal afurðaverð til íslenskra sauðfjárbænda. Samkvæmt þeim tölum var meðalverð á lambakjöti með viðbótargreiðslum um 468 kr./kg. haustið 2019.
- Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (e. European Commission) gefur vikulega út yfirlit yfir afurðaverð aðildarríkja á lambakjöti. Súluritið hér til hliðar sýnir afurðaverð valinna aðildarríkja á viku 8 2021 (22.2.2021-28.2.2021) fyrir lömb þyngri en 13,0 kg. Hæst er afurðaverð til bænda í Þýskalandi eða um 1.166 kr./kg. en lægst til bænda í Rúmeníu eða 570 kr./kg. Að meðaltali er afurðaverð innan Evrópusambandsins 1.037 kr./kg.
- Meðalafurðaverð til bænda í Noregi byggir á núgildandi gjaldskrá Nortura medlem fyrir lömb í O flokki sem eru þyngri en 13,0 kg. Meðalverð er áætlað 601 kr./kg.
- Meðalafurðaverð til bænda í Sviss byggir á núgildandi gjaldskrá Svissneska bændasamtakana (e. the Swiss farmers union) fyrir viku 12 (22.03.2021-26.03.2021). Meðalverð er áætlað 2.102 kr./kg. og er það hæsta í Evrópu.
- Sé afurðaverð til bænda á Íslandi uppreiknað til febrúar 2021 er áætlað meðalverð um 491 kr./kg. Afurðaverð greitt til íslenskra bænda er þar af leiðandi lægsta afurðaverð í Evrópu.

## Styrkir til landbúnaðar


Við höfum ekki greint fyrirkomulag landbúnaðarstyrkja í þeim löndum sem sýnd eru á grafinu, þ.e. hverjir styrkirnir eru og þeir eru greiddir til bænda eða afurðastöðva, sem getur skekkt samanburðarhæfni afurðaverðs milli landa.



# Viðauki | Verð til bænda í Evrópu

Meðal afurðaverð til íslenskra kúabænda um 10% hærra en meðal afurðaverð til bænda í Evrópusambandinu

## Nautakjöt kr./kg.



Heimildir:  
 European Commission. Weekly National and Community Cow Average Market Price - Category D - O3.  
 Nortura Medlem. Avregningspriser storfe - vilkár storfe  
 Landsamtök kúabænda. Verðskrá afurðastöðva – nautgripir. Uppfært 5. mars 2020.  
 Schweizer Bauernverband. Schlachtviehmarkt Woche 12/2021.

Miðað er við meðalgengi í febrúar 2021 EUR/ISK=155,3 og NOK/ISK=15,1 og meðalgengi í mars 2021 CHF/ISK=145,0  
 6. apríl 2021

## Afurðaverð til bænda

- Meðal afurðaverð greitt til íslenskra kúabænda fyrir nautakjöt byggir á samantekt Landssamtaka kúabænda á nógildandi verðskrá afurðastöðva fyrir nautakjöt (flokkur O3). Áætlað er að meðal verð sé um 476 kr./kg. en ekki er tekið tillit til vægi afurðastöðva eftir hlutdeild í slátrun.
- Afurðaverð aðildarríkja Evrópusambandsins byggir á vikulegu yfirliti framkvæmdastjórnar sambandsins um meðalverð á nautakjöti (flokkur O3) í viku 6 (8.2.2021-14.2.2021). Hæst er afurðaverð til bænda í Svíþjóð eða um 655 kr./kg. en lægst til bænda í Grikklandi eða 316 kr./kg. Að meðaltali er afurðaverð innan Evrópusambandsins 432 kr./kg.
- Meðalafurðaverð til bænda í Noregi byggir á nógildandi gjaldskrá Nortura medlem fyrir kýr og naut. Meðalverð er áætlað 704 kr./kg.
- Meðalafurðaverð til bænda í Sviss byggir á nógildandi gjaldskrá Svissnesku bændasamtakanna (The Swiss farmers union) fyrir viku 12 (22.03.2021-26.03.2021). Meðalverð er áætlað 1.479 kr./kg. og er það hæsta í Evrópu.
- Afurðaverð greitt til íslenskra bænda er þar af leiðandi meðal því hæsta í Evrópu.


## Styrkir til landbúnaðar

Við höfum ekki greint fyrirkomulag landbúnaðarstyrkja í þeim löndum sem sýnd eru á grafinu, þ.e. hverjir styrkirnir eru og þeir eru greiddir til bænda eða afurðastöðva, sem getur skekkt samanburðarhæfni afurðaverðs milli landa.

# Viðauki | Verð til bænda í Evrópu

Meðal afurðaverð til íslenskra kúabænda um 10% hærra en meðal afurðaverð til bænda í Evrópusambandinu

## Mjólk kr./kg.



Heimildir:

European Commission. EU prices of Cow's raw milk in Euro/100 kg.

Tine Råvare - Noteringspris. Málpris fra 01.07.20 – 30.06.2021.

Verðlagsnefnd búvara. Verðlagsgrundvöllur kúabús. Verðlagsgrundvöllur 1. júní 2020

Schweizer Milchproduzenten SMP. Milchpreismonitoring. Desember 2020.

Miðað er við meðalgengi í febrúar 2021 EUR/ISK=155,3 og NOK/ISK=15,1 og meðalgengi í mars 2021 CHF/ISK=145,0 6. apríl 2021

## Afurðaverð til bænda

- Meðal afurðaverð greitt til íslenskra kúabænda fyrir mjólk er ákvarðað af Verðlagsnefnd búvara. Verð fyrir mjólk í fyrsta flokki er 97,84 kr./kg.
- Afurðaverð aðildarríkja Evrópusambandsins byggir á mánaðarlegu yfirliti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um meðalverð á mjólk í febrúar 2021. Hæst er afurðaverð til bænda í Kýpur eða um 91,1 kr./kg. en lægst til bænda í Lettlandi eða 45,9 kr./kg. Að meðaltali er afurðaverð innan Evrópusambandsins 54,0 kr./kg.
- Meðalafurðaverð til bænda í Noregi byggir á núgildandi gjaldskrá stærsta mjólkursamlags í Noregi, Tine Råvare, á mjólk. Meðalverð er áætlað 82,6 kr./kg.
- Meðalafurðaverð til bænda í Sviss byggir á upplýsingum frá samtökum svissneskra mjólkurframleiðenda (Schweizer Milchproduzenten SMP) í desember 2020. Meðalverð er áætlað 92,8 kr./kg.
- Afurðaverð greitt til íslenskra bænda er þar af leiðandi meðal því hæsta í Evrópu.

## Styrkir til landbúnaðar

Við höfum ekki greint fyrirkomulag landbúnaðarstyrkja í þeim löndum sem sýnd eru á grafinu, þ.e. hverjir styrkirnir eru og þeir eru greiddir til bænda eða afurðastöðva, sem getur skekkt samanburðarhæfni afurðaverðs milli landa.

Þetta skjal var unnið af Fjármálaráðgjöf Deloitte ehf. Eftirfarandi skal gilda um allar upplýsingar í þessu skjali nema annað sé tekið fram. Upplýsingarnar, einkum tölur, gögn og áætlanir, eru til bráðabirgða og er tilgangur þeirra eingöngu að mynda umræðugrunn meðal stjórnenda. Við staðfestum hvorki að upplýsingarnar séu réttar né tæmandi og ætti því ekki að treysta á gögnin sem slík. Staðfestingarvinna á umræddum upplýsingum hefur ekki verið unnin af hálfu Deloitte. Allar ályktanir og niðurstöður sem dregnar eru fram í þessu skjali endurspeglar álit Deloitte, byggt á þeim gögnum sem aðgengileg voru fram að dagsetningu þessa skjals, og geta breyst án fyrirvara. Þó að upplýsingar í þessu skjali hafi verið unnar í góðri trú tekur Deloitte enga ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli þeirra. Skjal þetta er afhent á þeim forsendum að hvorki Fjármálaráðgjöf Deloitte, eigendur né starfsmenn sviðsins séu dregnir til ábyrgðar fyrir rangar eða ónákvæmar upplýsingar, hvort sem þær megi rekja til gáleysis eða annarra ástæðna, né fyrir tjón sem rekja má til mistaka, vanrækslu eða ónákvæmni við gerð þessa skjals. Þetta skjal er eingöngu unnið fyrir verkkaupa og er öðrum aðilum óheimilt að nýta sér efni þess eða byggja ákvarðanir á grundvelli þess nema að fengnu samþykki Fjármálaráðgjafar Deloitte.

Deloitte Touche Tohmatsu Limited

Deloitte vísar til eins eða fleiri aðildarfélaga innan Deloitte Touche Tohmatsu Limited sem er breskt félag. Hvert aðildarfélag er aðskilinn lögaðili og óháð eining.

Vinsamlega skoðið [www.deloitte.com/about](http://www.deloitte.com/about) varðandi nákvæma lýsingu á lagalegri uppbyggingu Deloitte Touche Tohmatsu og aðildarfyrirtækjum þess.